



Fundargerð

Stjórnarfundur Pyts

Fundur hófst: 20:00 þann 17. nóvember 2021

Fundi slitið: 22:17

Fundinn sátu: Arnar Þór Stefánsson (APS), Árni Áskelsson (ÁÁ), Markús Pétursson (MP), Ólafur St. Arnarsson (ÓA), Ríkarður Ólafsson (RÓ), Tryggvi Jónsson (TJ).

Fundargerð ritaði: ÓA

1. Greiða atkvæði um fundargerðir

Fundargerð frá 3. nóvember samþykkt eftir lítilsháttar breytingar.

2. Staða á máli gagnvart ÍTH/GEIR og endurnýjun samninga.

Lokadrög til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar næstum komin. Það sem komið er samþykkt. Lítilsháttar breytingar verða samþykktar á samfélagsmiðlum.

3. Verklag við val á þeim sem starfa með börnum hjá Pyt

Lög um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs tóku gildi 1. ágúst 2020. Þessu starfi sinnir nú Sigurbjörg Sigurpálsdóttir og verður hún með kynningu í næstu viku í Hafnarfirði þar sem hún fer m.a. yfir öflun upplýsinga úr sakaskrá og vinnulags við samræmingu viðbragðsáætlana vegna atvika og misgerða.

MP fór yfir vinnulag hjá Bandalagi íslenskra skáta. Það safnar heimildum til uppflettingar í sakaskrá frá um 500 manns. Heimildarformið var þróað í samstarfi við sýslumann og er frábrugðið heimildarformi ÍSÍ að því leiti að það má endurnýta að ári ef fólk er enn virkt í barnastarfi.

4. Þrif húsin og fjáröflun 10 til 18 ára

Gengur vel. MP talar við Helgu varðandi að finna gamla reikninga fyrir þrifum.

5. Friðrik leigja turninn sem vinnuáðstöðu í vetur. Drög að samning

Ekkert gerst. MP

6. Sala á rafmagni til félagsmanna

Ef næst að panta 7 rafmagnsmæla hjá Force4 tekur faðir MP þá með sér frá Bretlandi um áramótin. Þá verður hægt að byrja að mæla í janúar. Síðan þarf að nota janúar til að áætla nóvember og desember notkun.

7. Rukkun á félagsgjöldum

Vantar upplýsingar hverjir eru skráðir félagsmenn. MP

8. Rukkun önnur útistandandi mál

Innheimta þarf rafmagnsnotkun í fyrra, leigu á kayakgeymslu, sölu keppnisúra og leigu á skútustæðum.

9. Efni á frístundavef, póstur frá Vetur Nóa Norðfjörð

Vetur Nói er að hanna frístundavef sambærilegan og frístundavefur Reykjaness. Við þurfum að senda á hann upplýsingar og í uppfæra vef félagsins. ÓA



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

10. Nýafstaðið ÍBH Þing

ÁÁ, Elín Hrafnisdóttir, MP, Helga Veronica Foldar, Pétur Markússon og ÓA fóru á þingið. Helga kosin varamaður í stjórn. MP er fastamaður í allsherjarnefnd.

11. Þytur langar að verða fyrirmyndafélag.

Allir tóku vel í. Erum nálægt því að vera fyrirmyndafélag. Rætt verður við Elínu Hrafnisdóttir og Helgu Veronica Foldar hvort þau vili taka að sér þetta verkefni með RÓ.

12. Önnur mál

- Rætt hefur verið við Elínu Hrafnisdóttur og Leif Runólfsson um að koma með tillögur að breytingum á lögum félagsins fyrir hönd stjórnar. Rætt var um að aðkoma formanna kayjak-, kjólbáta- og kænudeildar að stjórnarfundum þyrfti að koma fram í lögum félagsins. Einnig hvort og þá með hvaða hætti fulltrúar foreldra og ungmenna ættu ættu að hafa að stjórnarfundum.
- Fullorðinsnámskeið á kænur í maí fyrir byrjendur
- Smíði hillna í miðherbergi. 50.000 krónur. Samþykkt.
- Uppstilling stjórnar fyrir aðalfund á næsta ári.
- Tillaga um skyndihjálparnámskeið annað hvort ár.
- Tillaga um að hjartastuðtæki verði keypt.
- Rætt um hvort fara eigi fram á að Geir komi ekki að samningum Þyts fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar.
- Rætt um að það þurfi að brýna fyrir foreldrum og kayjakræðurum að mæta á aðalfund.